

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um lífeyrissjóði.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin falli brott.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 1. másl. 1. mgr. 54. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Lífeyrissjóði skv. 1. másl., sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar, er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd.
3. 13. gr. falli brott.
4. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
 - a. Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: 8%.
 - b. Í stað hlutfallstalnanna „10%“ og „6%“ í 3. mgr. kemur: 12%; og: 8%.
5. Við bætist þrjú nýir kaflar, VI. kafli, **Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum**, VII. kafli, **Breyting á lögum nr. 88/2003, um Ábyrgðasjóð launa, með síðari breytingum**, og VIII. kafli, **Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum**, hver með einni grein, svohljóðandi:
 - a. (13. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „6%“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: 8%.
 - b. (14. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í d-lið 5. gr. laganna kemur: 12%.
 - c. (15. gr.)
Í stað hlutfallstölunnar „10%“ í 3. mgr. 5. tölul. 28. gr. laganna kemur: 12%.